




Auðlindir, skipulag og atvinna
Skilaboð úr hópaumræðum
á ráðstefnu SASS á Hellu 25. mars 2015

Apríl 2015

ATA



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Uppbygging samantektarinnar.....	1
3	Almenn framtíðarsýn.....	2
4	Sóknarfæri, markmið og leiðir	2
4.1	Efling ferðapjónustu	2
4.1.1	Helstu skilaboð	2
4.1.2	Yfirlit yfir markmið og leiðir.....	2
4.2	Aukin matvælaframleiðsla	4
4.2.1	Helstu skilaboð	4
4.2.2	Yfirlit yfir markmið og leiðir.....	4
4.4	Orkuvinnsla úr fjölbreyttum orkuauðlindum.....	5
4.4.1	Helstu skilaboð	5
4.4.2	Yfirlit yfir markmið og leiðir.....	5
4.5	Nýting ferskvatns og jarðefna	5
4.5.1	Helstu skilaboð	5
4.5.2	Yfirlit yfir markmið og leiðir.....	5
5	Niðurlag.....	6
Viðauki		7
Hráir punktar frá borðum, lauslega flokkaðir		7

1 Inngangur

Á ráðstefnu SASS um skipulagsmál sem haldin var á Helli þann 25. mars sl. var leitast við að draga fram megin áskoranir í byggðapróun á Suðurlandi, auka skilning á sameiginlegum skipulagsmálum og hvernig megi takast á við þau í sameiningu, Suðurlandi til sóknar. Spurt var: Er svæðisskipulag leið til betri framtíðar á Suðurlandi? Hverju gæti sameiginleg sýn á skipulagsmál á Suðurlandi, eða tiltekin svæði innan þess, skilað fyrir byggðapróun og þannig stutt við sóknaráætlun svæðisins? Til að varpa ljósi á þessar spurningar voru flutt eftirfarandi erindi á ráðstefnunni:

- *Svæðisskipulag – verkfæri við byggðapróun* - Matthildur Kr. Elmarsdóttir, skipulagsráðgjafi hjá Alta.
- *Suðurnesin sem skipulagsheild* – Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri Grindavíkur.
- *Skipulagsmál í Kötlum Geopark* – Anton Kári Halldórsson, skipulagsfulltrúi í Rangárfingi eystra.
- *Skipulag orkumála* – Guðjón Bragason, lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- *Skipulag ferðaþjónustu* – Pétur Ingi Haraldsson, skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu.
- *Rammaskipulag Suðurlandis* – Gísli Gíslason, landslagsarkitekt hjá Steinsholti.
- *Skipulag haf- og strandsvæða* – Hafdís Hafliðadóttir, sviðsstjóri hjá Skipulagsstofnun.

Að fyrirlestrum loknum voru hópaumræður um þrjú þemu: Auðlindir, ferðamál og miðhálendið. Umræðurnar fóru fram á 6 borðum með um 10 þátttakendum á hverju borði, auk borðstjóra frá ráðgjafarfyrirtækinu Alta eða SASS. Tvö borð fjölluðu um auðlindir, tvö um ferðamál og tvö um miðhálendið. Öll borð tóku fyrir eftirfarandi spurningar:

1. **Í hverju liggja sóknarfæri Suðurlands** m.t.t. auðlinda / ferðamála / miðhálendisins, þegar litið er á svæðið sem heild eða undirsvæði þess? - Hvernig mynduð þið afmarka undirsvæðin á korti?
2. **Hvað þarf að breytast til að hægt sé að nýta þessi sóknarfæri** betur en gert er m.t.t. auðlinda / ferðaþjónustu / miðhálendisins? - Eru einhverjar hindranir í veginum.
3. **Hvaða árangri væri hægt að ná í byggðapróun á Suðurlandi með samstilltu átaki** – hvað varðar þróun m.t.t. auðlinda / ferðaþjónustu / miðhálendisins? – Hver væri óskastaðan eftir 10 ár?

Út frá punktum sem komu fram í umræðum um spurningarnar má lesa hvaða sóknarfæri þátttakendur töldu svæðið hafa, hvaða markmiðum ætti að stefna að og hvaða leiðir að þeim markmiðum mætti fara.

2 Uppbygging samantektarinnar

Í þessari samantekt, sem unnin er af Alta, eru skilaboð úr umræðunni dregin saman með því að flokka þau undir möguleg skóknarfæri Suðurlands og markmið og leiðir að þeim. Þannig er unnið úr punktum sem komu fram um spurningar tvö og þrjú um „breytingar/hindranir“ og „árangur/óskastöðu“ með því að lesa út úr þeim möguleg markmið og leiðir að þeim sóknarfærum sem nefnd voru við umræðu um spurningu eitt. Hráa punkta um hverja spurningu má lesa aftast í viðauka þessa skjals og í 3. kafla eru skilaboð sem varða almenna framtíðarsýn fyrir landshlutann. Sóknarfærin sem þátttakendur nefndu eru einkum á fjórum sviðum sem eru:

1. Efling ferðaþjónustu.
2. Aukin matvælaframleiðsla.
3. Orkuvinnsla og orkunýting.
4. Nýting ferskvatns og jarðefna.

Undir hverju sóknarfæri eru markmið og leiðir að þeim flokkaðar í þrennt:

- a. Skipulagsmál.
- b. Atvinnumál og nýsköpun.
- c. Mennta- og menningarmál.

Með þessari þrískiptingu er dregið fram hvaða punktar varða skipulagsmál sem slík og hvaða punktar varða svið sóknaráætlunar fyrir landshlutann, eins og þau eru skilgreind í Samningi um sóknaráætlun Suðurlands 2015-2019 (atvinnumál, nýsköpun og menningarmál). Punktar um skipulagsmál segja til um viðfangsefni þar sem svæðisskipulag gæti haft hlutverki að gegna en með því að samtvinna það við sóknaráætlun getur svæðisskipulag einnig tekið til þeirra viðfangsefna sem flokkuð eru undir atvinnumál, nýsköpun og menningarmál. Hráir punktar úr umræðunum eru í viðauka aftast í þessu skjali. Við túlkun punktanna og lestur eftirfarandi samantektar Alta þarf að hafa í huga að gögnin segja ekki til um hve margir voru sammála eða ósammála þeim punktum sem voru tilgreindir.



3 Almenn framtíðarsýn

Nokkrir punktar úr umræðunni varða þróun á Suðurlandi almennt og geta verið fódur í framtíðarsýn fyrir Suðurland, hvort sem hún væri unnin sem hluti af sóknaráætlun eða svæðisskipulagi. Til dæmis má lesa úr punktunum óskir um að stefnt verði að því að:

- Bæta almenn búsetuskilyrði; þar með talið menntunarmöguleika, aðgang að fjölbreyttum atvinnutækifærum og betri launum.
- Ná til ungs fólks og fá það aftur heim.
- Fjölga íbúum og ferðamönnum.
- Vekja vitund í umhverfismálum og um tækifæri sem búa í svæðinu.
- Leggja áherslu á fræðslu og uppeldi.
- Tala einni röddu út á við.
- Auka jafnvægi á milli einstakra svæða.
- Stuðla að jafnvægi og sátt á milli nýtingar og verndar.
- Styrkja ímynd svæðisins og sérstöðu (brand).
- Auka tekjur til samfélagsins af orkunýtingu og ferðamennsku.
- Auka samvinnu og samtal á milli sveitarfélaga og við íbúa og hagsmunaaðila.
- Hafa langtímasýn og samræmt skipulag.
- Samtvinna skipulag við stefnu um byggðapróun.



4 Sóknarfæri, markmið og leiðir

Í þessum kafla eru dregin saman helstu skilaboð eftir sóknarfærunum sem tilgreind eru í 2. kafla og sett fram yfirlit yfir markmið og leiðir sem lesa má út úr punktum þátttakenda í umræðunum.

4.1 Efling ferðapjónustu

4.1.1 Helstu skilaboð

Flest skilaboð úr umræðunum varða ferðamál og ferðapjónustu, hvort heldur á láglendi eða hálendi. Þar er kallað eftir samræmingu í skipulagsmálum landshlutans, svo sem með greiningu forsendna með tillit til sérkenna, staðaranda og þolmarka og stefnumótun um grunngerð eins og vegi, stíga/leiðir, þjónustusvæði, áfangastaði og áningastaði. Þar var svæðisskipulag fyrir Suðurland sem heild eða valin svæði innan þess talið geta gengt hlutverki.

Þátttakendur töldu sóknarfæri m.a. liggja í hjólaferðamennsku, hægri ferðamennsku (slow-tourism), fuglaskoðun og jöklaferðamennsku, en einnig ferðapjónustu tengdri kvikmyndagerð og skemmtiferðaskipum. Fram kom að til að nýta þessi tækifæri þyrfti að hafa sameiginlega stefnu. Styrkja þyrfti samgöngukerfi fyrir alla fararmáta, þ.m.t. almenningssamgöngur, hafnir og flugvelli, auk vega og stíga. Einnig þyrfti að skilgreina þjónustustaði og áfangastaði og vinna að uppbyggingu þeirra. Á hálendinu var talið mikilvægt að stýra umferð og uppbyggingu með því að ákveða lykil leiðir/vegi og staðsetja þjónustu á hálendisjöðrum. Lögð var áhersla á að tryggja jafnvægi milli nýtingar og verndar.

4.1.2 Yfirlit yfir markmið og leiðir

Hér fer yfirlit yfir markmið og leiðir sem komu fram um ferðamál:

Möguleg markmið:

- Hagnýta tækifæri sem liggja í fjölda ferðamanna sem fara um svæðið og þeirri fjölbreyttu og einstöku náttúru og sögu sem svæðið hefur – á láglendi og hálendi.
- Byggja upp hæga ferðamennsku (slow-tourism).
- Byggja upp hjólaferðamennsku (bike tourism).
- Byggja upp fuglaskoðunarferðamennsku (fuglatengda ferðapjónustu).
- Nýta tækifæri sem búa í Kötlu Geopark og Vatnajökulspjóðgarði.
- Stuðla að fjölgun skemmtiferðaskipa.
- Nýta tækifæri tengd kvikmyndagerð.

Mögulegar leiðir að markmiðum:

- *Skipulagsmál*
 - Koma á sameiginlegum skipulagsvettvangi; gera heildstætt skipulag þjónustusvæða, gististaða, áfangastaða, áningarstaða (þ.m.t. salerna) og ferðaleiða (þ.m.t. vega, slóða, stíga, leiða).
 - Kortleggja styrkleika hvers svæðis og byggja upp á grunni þess; upphefja sérstöðu svæðisins.
 - Taka tillit til náttúru; gæta að þolmörkum svæða. Meta ástand staða og ákveða mótvægisáðgerðir. Tryggja eftirlit með ástandi svæða.
 - Bæta aðgengi að áhugaverðum svæðum/stöðum; stýra aðgengi; styrkja vegakerfi; fjölga og bæta bílastæði; efla almenningssamgöngur.
 - Skipuleggja hjólaleiðir og –stíga almennt og t.d. meðfram þjóðvegum og á leiðinni Seyðisfjörður – Keflavík. Taka áfram þátt í Euro-hjólreiðaverkefni.
 - Yfirfara hafnaskipulag og flugvallaskipulag.
 - Skipuleggja strandlengjunna; skilgreina fuglaskoðunarstaði.
 - Skipuleggja m.t.t. jöklaferðamennsku.
 - Skilgreina „hlið“ inn í landshlutann.
 - Nýta það sem hefur verið unnið nú þegar.

Aðrar leiðir að markmiðum sem varða skipulag hálendisins sérstaklega:

- Staðsetja þjónustu á jöðrum hálendisins.
- Stuðla að fjölbreyttari þjónustu á hálendinu; betri skála með betri þjónustu.
- Marka meginstrauma /-leiðir um hálendið; byggja upp lykilvegi um hálendið og tryggja að rútur komist á völdum stöðum; nýta leiðir tengdar orkuvinnslu og orkuflutningi, en ekki láta það ráða einvörðungu; malbika meginvegi; leggja heilsársveg á milli Norður- og Suðurlands; endurskoða staðla um hálendisvegi með Vegagerðinni, þ.a. þeir falli betur að landslagi en nú er, þeir þurfi t.d. ekki að vera upphækkaðir.
- Tryggja vernd þess sem er merkilegt og viðkvæmt; hafa sveigjanlega friðlýsingarskilmála.
- Skilgreina svæði með takmörkuðu aðgengi; horfa til allra ferðamáta.

• *Atvinnumál, nýsköpun*

- Móta heildstæða sameiginleg stefnumótun um uppbyggingu fyrir svæðið í heild; hafa sömu leikreglur yfir alla.
- Vinna að dreifingu ferðamanna og fjölga ferðamannastöðum. Stuðla að fjölbreyttari þjónustu á hálendinu; betri skála með betri þjónustu.

- Bæta salernisaðstöðu.
- Byggja á sérstöðu svæðisins, t.d. strandlengjunni.
- Tryggja gæði í ferðaþjónustu; svæðisvottun.
- Auka gistirými (einkum 4-5 stöðum) og fjölbreytni í afþreyingu.
- Þrýsta á að bæta vegi, almenningssamgöngur, sjósamgöngur við útlönd og flugsamgöngur.
- Vinna að heilsársöfnun þjónustustaða og vega.
- Ljósleiðaravæða allt svæðið til að bæta samkeppnisstöðu fyrirtækja til muna [á líka við önnur sóknarfæri].
- Tryggja þriggja fasa rafmagn.
- Bæta/auka markaðssetningu og byggja upp ímynd/brand.
- Taka gjald á bílastæðum og hækka sundlaugagjald.
- Ráða ferðamálastjóra fyrir Suðurland.
- Gera uppbyggingaráætlun.

• *Mennta- og menningarmál*

- Efla fræðslutengda ferðaþjónustu.
- Auka fræðslu og miðlun um náttúru, menningu, sögu og jarðfræði svæðisins.
- Samræma leiðarlýsingar og merkingar.
- Byggja upp öflugt upplýsingamiðstöðvakerfi á öllu svæðinu.
- Tryggja öryggismál, eftirlit og löggæslu.



4.2 Aukin matvælaframleiðsla

4.2.1 Helstu skilaboð

Þátttakendur töldu landshlutann geta sótt fram í framleiðslu matvæla hvort heldur úr sjávarfangi eða með aukinni garðyrkju og eflingu annars landbúnaðar. Til þess að sækja fram á þessu sviði þyrfti að leggja áherslu á að nýta orku svæðisins innan þess, lækka rafmagnskostnað og tryggja þriggja fasa rafmagn allsstaðar. Einnig þyrfti að bæta samgöngur, tryggja svæði til ræktunar og beitar, nýta reynslu og þekkingu íbúa, efla fræðasetur og styrkja markaðssetningu.

4.2.2 Yfirlit yfir markmið og leiðir

Möguleg markmið:

- Nýting fiskimiða.
- Efling landbúnaðar.
- Aukin garðyrkja.

Mögulegar leiðir að markmiðum:

- *Skipulagsmál*
 - Hafnir.
 - Samgöngur.
 - Svæði til ræktunar og beitar.
 - Svæði fyrir ræktun og gróðurhús.
- *Atvinnumál, nýsköpun*
 - Auka fullvinnslu.
 - Auka verðmæti afurða.
 - Bæta markaðssetningu, t.d. út frá hrein-/ ferskleika og heimaframleiðslu – byggja upp gott „brand“.
 - Nýta orku úr héraði.
 - Ódýrara rafmagn fyrir landbúnað og ræktun.
 - Tryggja þriggja fasa rafmagn.
- *Mennta- og menningarmál*
 - Nýta reynslu og þekkingu og efla hana.
 - Fræðasetur.



4.4 Orkuvinnsla úr fjölbreyttum orkuauðlindum

4.4.1 Helstu skilaboð

Í umræðunum kom fram að nýting fjölbreyttra orkulinda landshlutans og nýting hennar í héraði væri sóknarfæri. Þar vær rætt um vatnsafl, jarðvarma, vindorku, líforku og virkjun árósa og sjávarfalla. Samræmd langtímastefnumótun og skipulag var talin mikilvæg á hálendi og láglendi. Lagt var til að svæðið eflði þekkingu og skapaði sér sérstöðu í nýtingu vindorku og framleiðslu á líforku. Fram kom að hafa mætti meira frumvæði í að nálgast fyrirtæki sem þurfa mikla orku.

4.4.2 Yfirlit yfir markmið og leiðir

Möguleg markmið:

- Nýting vatnsafls.
- Nýting jarðvarma.
- Framleiðsla líforku úr lífrænum úrgangi.
- Nýting vindorku.
- Virkjun árósa og sjávarfalla.

Mögulegar leiðir að markmiðum:

- *Skipulagsmál*
 - Marka langtímastefnu.
 - Ákveða virkjanir.
 - Ákveða flutningsleiðir raforku.
 - Tryggja jafnvægi milli nýtingar og verndar.
 - Skilgreina „óröskuð svæði“ og „manngerð svæði“. Virkja ákveðin svæði, en friða önnur.
 - Afmarka sameiginleg svæði fyrir lífrænan úrgang.
 - Afmarka sameiginleg svæði fyrir metangasframleiðslu.
 - Ákveða staðsetningu vindmylla á völdum svæðum á hálendinu; á hálendisbrún, skammt frá háspennulínu.
- *Atvinnumál, nýsköpun*
 - Marka langtímastefnu.
 - Nýta núverandi svæði betur.
 - Nýta orku í héraði.
 - Þróa hátækni.
 - Sækjast eftir orkufrekum fyrirtækjum.

- Kalla á breytingar á fyrirkomulagi skattheimtu; t.d. auðlindarenta.
- Kalla á skilvirkara regluverk.
- Tryggja þriggja fasa rafmagn.

• Mennta- og menningarmál

- Nýta þekkingu á orkuframleiðslu og nýtingu og efla frekar.
- Deila þekkingu til annarra svæða.
- Byggja upp háskólasamfélag í kringum vindorku og metanframleiðslu.
- Nýta reynslu og þekkingu og efla hana.
- Stofna/efla fræðasetur.



4.5 Nýting ferskvatns og jarðefna

4.5.1 Helstu skilaboð

Fram komu hugmyndir um að nýta vatnsauðlindir og jarðefni svæðisins til útflutnings.

4.5.2 Yfirlit yfir markmið og leiðir

Möguleg markmið:

- Útflutningur neysluvatns og jarðefna.

Mögulegar leiðir að markmiðum:

- *Skipulagsmál*
 - Kortleggja vatnsauðlindir.
 - Afmarka vatnsverndarsvæði.
 - Afmarka vatnsnýtingarsvæði.
 - Afmarka átöppunarsvæði.
 - Afmarka efnistökusvæði.

5 Niðurlag

Út úr punktum frá hópaumræðunum má lesa viðfangssefni og áherslur sem geta nýst í yfirstandandi vinnu við sóknaráætlun landshlutans og einnig við svæðisskipulagsgerð ef ákveðið verður að ráðast í hana. Mest afgerandi voru skilaboð tengd sóknarfærum í ferðapjónustu en einnig töldu þátttakendur tækifæri svæðisins liggja í fjölbreyttum auðlindum þess, einkum orkuauðlindum, jarðvegi fyrir ræktun, vatni og jarðefnum. Markmið og leiðir sem nefndar voru til að sækja fram á þessum sviðum sneru að skipulagsmálum, atvinnumálum, mennta- og menningarmálum. Í skipulagsmálum virtist einkum talin þörf á sameiginlegri greiningu og stefnumótun á svið ferðapjónustu, s.s. hvað varðar ferðaleiðir og þjónustustaði/áfangastaði og átti það bæði við um hálendið og láglendi. Einnig var talin þörf á að skilgreina verndarsvæði á hálendinu betur til að tryggja jafnvægi nýtingar og verndar. Skipulagsvinnan var talin geta náð til alls landshlutans eða tiltekinn skipulagsheilda innan hans og gengt hlutverki við að skerpa ímynd og þar með aðdráttarafl landshlutans um leið og leitað væri leiða til að hagnýta auðlindir hans með sjálfbærum hætti.

Möguleg næstu skref í að ákveða hvort og hvernig ætti að standa að svæðisskipulagi fyrir Suðurland gætu verið:

1. Að safna saman gögnum um náttúru- og menningarauð svæðisins og birta á kortum til að fá *heildstæða yfirsýn yfir landshlutann*, sérkenni hans og verðmæti. Slík kortlagning getur líka nýst fyrir mótun stefnu í sóknaráætlun og við aðalskipulagsgerð einstakra sveitarfélaga.
2. Að skilgreina nánar *sameiginleg viðfangsefni* þar sem samræmd stefna sveitarfélaganna gæti skilað meiri árangri en ella. Stöðuggreining Byggðastofnunar vegna sóknaráætlunar getur nýst við þá skilgreiningu en einnig þyrfti að yfirfara fyrirbyggjandi stefnuskjöl og áætlanir sem ná til landshlutans eða svæða innan hans, þ.m.t. aðalskipulagsáætlanir.
3. Að afmarka *undirsvæði/skipulagsheildir* eftir því sem greining á náttúru- og menningarauði og viðfangsefnum gefur tilefni til.
4. Að gera áfangaskipta og tímasetta *verkáætlun* fyrir skipulagsgerðina.

Ef áhugi er fyrir að vinna svæðisskipulag sem tæki fyrst og fremst til eins eða fárra þema, t.d. ferðamála eða vindmylla, væri hægt að setja fram verkáætlun sem skilgreinir viðfangsefni, ferli, samráð, framsetningu, tímarás og kostnað slíkrar skipulagsgerðar. Á grunni þeirrar verkáætlunar væri hægt að taka ákvörðun um framhaldið.

Viðauki

Hráir punktar frá borðum, lauslega flokkaðir

Hér eru listaðir þeir punktar sem komu fram á umræðuborðunum um spurningarnar þrjár sem vörðuðu 1) sóknarfæri, 2) breytingar eða hindranir og 3) árangur eða óskastöðu efir 10-15 ár.

Punktarnir hafa verið lauslega flokkaðir undir nokkrar yfirskriftir (**feitletraðar og skáletraðar**) til að auðvelda yfirsýn yfir efnið. Möguleg sóknarfæri, markmið og leiðir í samantektinni að framan eru unnar úr þessum punktum.

5.1 Punktar úr umræðu um AUÐLINDIR SUÐURLANDS

1) SÓKNARFÆRI á sviði auðlinda

Orkuauðlindir

- Orkuframleiðsla
 - Miklar orkuauðlindir sem mætti nýta betur
 - Vatnsafl
 - Jarðvarmi
 - Þekking á nýtingu
 - Kennsla
 - Gufuorka
 - Hliðargreinar: hátækni og ræktun
 - Nýta orku innan svæðis (100%)
 - Hátækni
 - Ræktun
 - Líforka, metanframleiðsla, nýting lífræns úrgangs (gróðurshúsaúrgangur, sláturúrgangur, mótuneytisúrgangur). Seira til uppgræðslu. Sameiginleg auðlind, sameiginleg metanframleiðsla
- Góð tenging við flutningskerfi raforku
- Sjávarfallavirkjanir
 - Virkja árósa
- Vindorka
 - Nýting vindorku
 - Mikil tækifæri
 - Tækifæri til að þróa staðlaða nálgun fyrir framkvæmdaraðila, sem felur í sér virkt íbúalýðræði varðandi staðarval

Aðrar auðlindir

- Neysluvatn
 - Ferskvatn til útflutnings
- Námur
 - Aukinn útflutningur á jarðefnum
- Frjór jarðvegur
- Veðurfar
 - Aðgengileiki vegna veðurfars
- Matvælaframleiðsla
 - Land og haf = matarkista
 - Meiri matvælaframleiðsla
 - Fiskimið
 - Landbúnaður
 - Markaðssetning á landbúnaði
 - Fullvinnsla á matvælum
 - Auka verðmæti afurða
 - Frjór jarðvegur
 - Garðyrkja
 - Sjálfbært samfélag
 - Orkunýting á svæðinu; sólarorka, vindorka, metan, raforka
 - Fiskvinnsla
 - Vinna meira úr hverju kg
 - Auka verðmæti afurða
 - Fullvinnsla á matvælum
- Hreinleiki/ferskleiki

Mannauður

- Mannauður
 - Lífsreynt fólk; mikil reynsla
 - Fólksfæð
 - Fræðasetur
 - Sala á þekkingu
- Gestir, ferðamenn
 - Bætt dreifing ferðafólks

Svæðissérkenni og staðarandi

- Landslag og náttúra
 - Landflæmi, víðátta, víðáttan sem auðlind (víður sjóndeildarhringur)
 - Náttúrufegurð; mikil náttúra
 - Hálendið
 - Aðgengileiki
 - Áhugaverðir staðir
 - Jöklar, eldfjöll, hálendi, strandlengja
 - Aðgengilegar eldstöðvar
 - Aðgengileiki strandlengju
 - Vernda/virkja til landbóta, t.d. Hagavatn
- Menning og saga
 - Upplifun í menningu

Grunngerð

- Góðar samgöngur
 - Aukið aðgengi með betri vegum, t.d. ferðapjónusta
- Uppbygging hafna
 - Auknar samgöngur við útlönd
 - Starfsemi á hafnarsvæðum
 - Uppbygging hafnar í Þorlákshöfn

2) Breytingar / Hindranir á sviði auðlinda***Stefnumótun, stjórnsýsla***

- Auðlindastefna, svæðisskipulags
 - Setja skilyrði nýtingu orku innan svæðis
 - Skilgreina tækifæri/markmið og gera áætlun um hvernig þeim verður náð
 - Forvirk skipulagsmál
 - Gott „brand“
 - Greiningarvinna
- Sameina sveitarfélög – sterkara afl
 - Aukin samvinna; betri og meiri samvinna
 - Aukin samvinna sveitarfélaga við nýtingu auðlinda.
 - Meira samtal milli sveitarfélaga
 - Samvinna á milli héraða til að markaðssetja
- Skattar og löggjöf og önnur ríkismál

- Breyta löggjöf
- Breyta skiptingu skatta; endurskoða skattkerfi í tengslum við auðlindanýtingu
- Minni hringlandahátt hjá ríkinu
- Skilvirkara regluverk

Auðlindamál

- Orkumál
 - Skattlagningarheimildir á orku, t.d. flutningsleiðir; breytt fyrirkomulag skattheimtu
 - Ódýrara rafmagn til að styðja við landbúnað og ræktun
 - Tryggja raforku til alls svæðisins, þ.m.t. þriggja fasa rafmagn verði grunnþjónusta
 - Nýta orku af öllum gerðum innan svæðisins en ekki flytja hana út af svæðinu.
 - Sjálfstæð öflun orkufrekra fyrirtækja
- Vatn
 - Kortleggja vatnsauðlindir
 - Útflutningur vatns

Ferðapjónusta

- Ferðapjónusta/Ferðamál
 - Fjölga áfangastöðum
 - Heilsársopnun
 - Auka markðassetningu okkar svæðis til að fá ferðamanninn til að stoppa en ekki bara í Rvík.
 - Stýra ferðum ferðamanna
 - Stýra aðgengi að áhugaverðum stöðum og byggja upp nýja
 - Virðisaukinn verði eftir í héraði

Grunngerð

- Samgöngur
 - Uppbygging samgöngumannnvirkja; vegir, brýr, hafnir, flugvöllir
 - Viðhalda og byggja upp
 - Bæta samgöngur, sérstaklega að vetri – fyrir heilsársopnun
 - Almenningsamgöngur – festa í sessi til langstíma/mega ekki hverfa einn daginn
- Fjarskipti
 - Ljósleiðaravæða allt svæðið

- Viðhalda og byggja upp

Mannauður

- Viðhorf
 - Ekki bíða eftir öðrum
 - Ekki senda auðlindir úr landi óunnar
 - Hugarfar
 - Vitunarvakning, fræðsla í uppeldis- og menntastofnunum barna
- Menntun og mannauður
 - Betri laun; ónógar tekjur af störfum
 - Öldrun íbúafjöldans í sveitum; unga fólkið í þéttbýlinu
 - Betri búsetuskilyrði; betri lífsgæði – störf, menntun
 - Fá unga fólkið heim

3) Árangur / Óskastaða á sviði auðlinda

- Framtíðarskipulag
- Flokkun svæða til að hámarka nýtingu þeirra óháð sveitarfélagamörkum
- Auðlindarenta
- Fræðsla og uppeldi
- Uppbygging háskólasamfélags í kringum vindorkunýtingu og metanraforkuvinnslu.

5.2 Punktar úr umræðu um FERÐAMÁL Á SUÐURLANDI

Mottó!

- Velkomin á Suðurland! Agengilegt allt árið!
- Gæði alla leið!

5.2.1 Sóknarfæri á sviði ferðamála

Tegund ferðaþjónustu

- Slow-tourism
- Katla Geopark
- Vatnajökulspjóðgarður
 - Skipulag í tengslum við þróun byggaðr
- Hjólreiðaferðamennska – margir nefndu hjólaleiðir (og reiðleiðir) – grænar samgöngur
 - Hjólaleið – Seyðisfjörður – Keflavík
 - Euro hjólreiðaverkefnið
 - Hjólaleiðir
- Skemmtiferðaskip – Höfn til Þorlákshafnar?
- Fjölbreytni í afþreyingu
- Tengsl við landbúnað

Gæðamál, fræðslumál

- Gæði alla leið; vegir, þjónusta
- Svæðisvottun
- Fræðsla markviss

Markaðssetning, miðlun

- Markaðsstofa Suðurlands
- Markaðssetning út frá heimaframleiðslu og einkennum.
- Skilgreina samnefnara fyrir svæðið

Sérkenni svæðis, staðarandi

- Sérstaða svæðisins - frá fjalli til fjöru
 - Upphefja hana í skipulagi
 - Gæta að náttúru og vernda hana
 - Jarðhiti; heitt vatn – sem ímynd; heitir reitir
 - Fjölbreytni; fjölbreytt landslag
 - Svæðið býður allt sem Ísland hefur að bjóða; sýniseintak af öllu

- Jöklar, eldfjöll, fossar, jarðhiti, matvælaframleiðsla, gróðurhús, hálendið, Vestmannaeyjar, brimið
- Flatneskjan; svartir sandar, grænar grundir, vatnsföll
- Hreinleiki
- Auðvelt yfirferðar; einfaldar samgönguleiðir
- Fuglaskoðunarstaðir
- Menningararfur; þjóðsögur; söfnin; Íslendingasögur, víkingatíminn; kirkjur sem aðdráttarafl; sagnaarfur; menningarminjar
- Suðurströndin – eitt svæði
 - Fjöruferðir

Grunngerð

- Ljósleiðarinn
- Reiðleiðir
- Vegasamgöngur; Suðurstrandarvegur

2) Breytingar / Hindranir á sviði ferðamála

Stefnumótun, skipulag, stjórnsýsla

- Skilgreina „hlið“ inn í landshlutann
- Svæðisskipulag miðhálandis fyrir Suðurland
- Efla samstöðu/samvinnu ferðaþjónustuaðila
- Sameiginleg stefna um uppbyggingu ferðamannastaða
- Stefnumótun í ferðamálum fyrir allt svæðið.
 - Ferðamálastjóra Suðurlands
- Aukin samvinna sveitarfélaga – hlekkir í keðju
 - Hugsa út fyrir hreppamörk
 - Sameiginleg framkoma út á við
- Sameiginlegur skipulagsvettvangur fyrir Suðurland

Greiningar, rannsóknir

- Skilgreina sérstöðu sveitarfélaga
- Skilgreina hvaða sveitarfélögin eiga sameiginlegt og átta sig á sóknarfærum út frá því
- Skilgreina ferðamannaleiðir og meta þörf fyrir samstarf út frá þeim, sem getur verið
 - Skipulag
 - Markaðsstarf
 - Ímyndarsköpun

- Uppbyggingaráætlun
- Sameinast um rannsóknir
 - Þolmarkarannsóknir
 - Markhópagreiningar
- Sameiginleg skráning á menningararfi
 - Minjar
 - Þjóðsögur
- Flokkun ferðamannastaða
 - Náttúra
 - Menning

Grunngerð

- Samstarf um merkingar; samræmi í merkingum
- Bæta samgöngur
 - Millilandaflug á fleiri stöðum, t.d. Árskógssandi Hornafirði; flugvöllir inn á Suðurlandi
 - Vetrarþjónusta á fjölförnum leiðum, s.s. Gullfossi og Geysi; veghald allt árið; auka vetrarþjónustu
 - Merkingar og upplýsingar til ferðamanna
 - Bílastæðagjald á ferðamannastöðum; gjaldtaka á bílastæðum; samræma fyrir allt Suðurland
 - Skipuleggja aðegni að svæðinu / aðdráttaraflinu, t.d. bílastæði við Seljalandsfoss
 - Hjólastígar við þjóðvegi
 - Bæta vegakerfið til að auka flæði ferðamanna
 - Sameiginlegur þrýstingur á bætingu vega og samgangna.
 - Auka aðgengi.
 - Tengja vegi (hringi) um svæði.
- Bæta salernisaðstöðu
- Auka gistirými

Markaðssetning, miðlun, upplýsingagjöf

- Öflugt upplýsingamiðstöðvakerfi á öllu svæðinu
- Markaðssetning
 - Markaðssetning á röngum forsendum

Gjaldtaka, tekjuöflun

- Hækka gjald fyrir sundlaugar
- Gjaldtaka – nytjagreiðsluregla, heimtufrekja ferðapjónustufyrirtækja
- Meiri peninga til að sinna uppbyggingu

3) Árangur / Óskastaða á sviði ferðamála**Samfélag, mannauður**

- Betri lífsgæði íbúa; bætt búsetuskilyrði
- Fjölgun íbúa; fleiri íbúar
- Hærra menntunastig
- Unga fólkið heim

Atvinnulíf

- Fjölbreytt atvinnutækifæri og verðmætari störf
- Meiri matvælaframleiðsla
- Meira jafnvægi á milli svæða
- Matarkista
- Hreinleiki

Auðlindanýting

- Jafnvægi milli nýtingar og verndar auðlinda
- Samhæfing / sérhæfing í uppbyggingu hvað varðar orku
- Virðisaukinn eftir í héraði

Ferðapjónusta

- Fleiri ferðamannastaðir
- Skipulagðar gönguleiðir
- Kofar, stígar, brýr
- Stýring á ferðamönnum
- Fleiri Laugavegir á hálendinu
- Ferðamannastaðir standi undir sér tekjulega og skili skatttekjum
- Öflugt upplýsingamiðstöðvakerfi á öllu svæðinu
- App-væðing

Grunngerð

- Bættar nettengingar til að bæta samkeppnisstöðu fyrirtækja til muna
- Bætt vegakerfi; samgöngur komnar í lag; öryggi allt árið
- Hjólastígar með þjóðvegum
- Sameiginlegur þrýstingur á bætingu vega og samgangna

Stefnumótun, skipulag, stjórnsýsla

- Nýtt svæðisskipulag og auðlindastefna
 - Betri stýring uppbyggingar
 - Betri nýting auðlinda
 - Kortlagning styrkleika hvers svæðis og uppbygging á grunni þess
 - Nýta betur þau gögn sem við höfum komið niður á blað í skipulagsmálum
- Gott brand; öflug markaðssetning sem styrki framleiðsluna; góð marðassetning líka á SASS
- Svæðisvottun
- Meiri slagkraftur við samningsaðila
- Einfaldari aðkoma fyrir þá sem vilja byggja upp á svæðinu
- Sömu leikreglur fyrir alla
- Meira jafnvægi á milli svæða
- Aukin samvinna og síðar sameining í 3 sveitarfélög; aukið samstarf sveitarfélaga
 - Samgöngur
 - Skólar
 - Framleiðsla: orka, matvæli, tækni
- Sameining sveitarfélaga
 - Undir SASS

5.3 Punktar úr umræðu um MIÐHÁLENDI SUÐURLANDS

1) Sóknarfæri á miðhálandinu

Ferðamennska og upplifanir

- Að nýta og njóta svæðisins
- Aðgengi
 - Auðvelda að komast að svæðinu/hálandinu
 - Fremur stuttar vegalengdir
 - Gott aðgengi að náttúruperlum
 - Góðar samgöngur/tengingar
- Aukin ferðamennska
 - Einstök náttúra og umhverfi; náttúruperlur; fallett og einstakt umhverfi; náttúruminjar á heimsvísu; margir fallegir, lítt snortnir staðir sem þarf að opna og skipuleggja þannig að þeir viðhaldist
 - Vinsælir þekktir staðir
 - Fjölbreyttir áfangastaðir; möguleikar í fjölbreyttri ferðaþjónustu
 - Fjölbreyttar ferðaleiðir
 - Þjónusta á jaðarsvæðum
 - Geopark
 - Sprengisandsvegur
 - Gönguleiðir
 - Leiðir tengdar orkuvinnslu og orkuflutningi
 - Fræðslutengd ferðaþjónusta allt árið
 - Jöklaferðir
 - Dagsferðir
 - Meginferðir/langferðir
 - Marka meginstrauma um hálandið
 - Fjölbreyttar þjónustuleiðir
- Frekari þjónusta í þjónustukörnum

Orkuauðlindir

- Orkuvinnsla á völdum, lítt áberandi svæðum
 - Nýting orku á svæðinu / í héraði
 - Nýta núverandi orkuvinnslusvæði betur
- Vernda/virkja til landbóta, t.d. Hagavatn

Aðrar auðlindir

- Forðabúr fyrir vatn, heitt vatn, orku og t.d. fé; skynsamleg nýting orkuauðlinda
- Nytjaréttur afrétta, beitaréttur
 - Bændur gera góða hluti með sauðfé og beitt og þeir eru nauðsynlegir til að viðhalda byggð
 - Beit er nauðsynleg
- Námur
 - Aukinn útflytningur á jarðefnum.
- Vindmyllur á hálandið á völdum svæðum

Mannauður

- Skólasamfélagið, háskólar
 - Fræðsla, skilja söguna og menninguna

2) Breytingar / Hindranir á miðhálandinu

Stefnumótun, skipulag, stjórnsýsla

- Marka stefnu um svæðið allt; heildstæða skipulagsáætlun/anir
 - Framtíðarsýn
 - Stýra þróun, stýra nýtingu; leggja fjármuni í skynsamlegt skipulag og uppbyggingu; leggja aukin þunga í skipulagsmál og marka stefnu á hverjum stað
 - Vera sjálf áhrifavaldar
 - Aðkoma almennings og gagnsætt ferli
 - Virða sérstöðu hvers svæðis. Allir séu ekki í því sama.
 - Samþætting skipulags á hálandinu hefur mikið að segja
 - Skipuleggja allt svæðið; dreifa áganginum; ná sátt um framkvæmdir
 - Horfa til stærri svæða – flæði um landið. Fá heildastæðari stefnu
 - Aukin reynsla og þekking á skipulagsmálum sem hægt er að byggja á
 - Auka samvinnu skipulagsfirvalda og fyrirtækja; vinna saman; marka sameiginlega stefnu
 - Samvinna/samtal milli svæða og milli sveitarfélaga / skipulagsfirvalda
 - Nú þegar er mikil samvinna á svæðinu
 - Styrkja samtal, móta sameiginlega sýn
 - Samræming áhersluatriða
 - Aukinn sveigjanleiki í skipulagi

- Viðfangsefni í skipulagi
 - Þolmörk, hvað bera svæði?
 - Ástandsmat svæða og skipulag mótvægisáðgerða.
 - Hugtakanotkun – staðlar (vegir)
 - Skilgreina óröskuð svæði og „manngerð svæði“. Virkja ákveðin svæði, friða önnur. Langtímastefnumótun
 - Ná sátt um orkuvinnslu á ákveðnum svæðum en friðun á öðrum
 - Hætta að tengja áhugaverða staði áformum um virkjanir
 - Vatnsföll skipta svæðum á náttúrulegan hátt
 - Opna á friðlýsingarskilmála, þ.e. ekki banna allt; einfalda friðlýsingu
 - Ríki vs. sveitarfélög
 - Skipuleggja friðlýsingarsvæði vel, tryggja viðhald þess sem er merkilegt og viðkvæmt en nýta á annan hátt eins og best er
 - Marka stefnu til lengri tíma með hæfilega mikið af gráum svæðum
 - Sem flestir hópar geti notið svæðisins, flokka það niður í mismunandi þjónustustig og hvernig umferð er leyfð á svæðinu
 - Fjölbreyttari þjónusta á hálendinu; bætt skála með betri þjónustu og hótél
 - Þjónusta og yfirbragð hér er frumstætt og því þarf að breyta
 - Skilgreina svæði með takmörkuðu aðgengi
 - Samstarf um skipulag ferðaleiða; undirsvæði gætu byggst betur upp
 - Þurfum þá vinna saman að stefnu um ferðaleiðir fyrir allt Suðurland
 - Bæta aðgengi, móta stefnu um aðgengi
 - Selja inn á svæði til að takmara aðgengi að ákveðnum svæðum
 - Tengja saman yfir stærri svæði, tryggja gott flæði.
- Hindranir
 - Mismunandi áherslur eftir svæðum. Hver hugsar um sinn kopp.
 - Hagsmunaárekstrar
 - Veðurfar
 - Hugsunarháttur; viðhorf; afstaða almenning til hálendisins og nýtingar þess
 - Þarf breytt hugarfar hjá skipulagsyfirvöldum

Eftirlit, öryggismál

- Betra eftirlit til að styrkja vernd svæða og vegna öryggismála
 - Betri löggæsla
 - Náttúruvernd er nauðsynleg

Grunngerð

- Styrkja innviði
 - Byggja upp megin vegi yfir hálendið og gera vel akfæra
 - Aukið aðgengið að náttúruverjum
 - Stýra aðgengi inn á svæðið
 - Lagfæra meginvegi / lykilvegi
 - Fá betri lykilvegi og ákveða leiðir upp að hálendinu þannig að rútur geti komist upp eftir
 - Skoða þarf staða vegna vega. Vegagerðin er mjög föst í stöðlum og vill of stóra og mikla vegi. Of mikið uppbyggð. Vegir þurfa að falla betur í landið. Þarf sveigjanleika af hálfu Vegagerðar
 - Bæta aðgengi, ekki bara í tengslum við virkjanir; fá pening án þess, þ.e. eigum að velja sjálf hvar vegir liggja en ekki láta þá ákvarðast bara út frá virkjunum
 - Styrkja meginleiðir til að bæta dreifingu ferðamanna
 - Þórsmörkin með nýrri brú – aukinn fjöldi fólks
 - Byggja upp á jöðrum hálendisins
 - Samræmdar leiðarlýsingar og samræmdar góðar merkingar sem segja til um hvað má og hvað ekki
 - Horfa til allra verðamáta, þ.m.t. hestaleiðir
 - Fjölbreyttari þjónusta; hærri klassi
 - Fleira en Langjökulsgöngin
 - Fá ferðafólk til að vera lengur
 - Miklar vegalengdir eru hindrun

Markaðssetning, miðlun og fræðsla

- Fræðslu skortir mjög um náttúru, menningu, sögu og jarðfræði. Þurfum að miðla betur

3) Árangur / Óskastaða á miðhálandinu

Landbætur

- Enn fegurri ásýnd landsins, sérstaklega viðkvæmra staða
 - Landbætur sýnirlegar. Sjálfbær beit og stýring á álagi vegna ferðamanna
- Aukin fjöldi sauðfjár á svæðinu.
- Samstaða um hvar sé nýtt og hvar sé notið

Orkumál

- Skilvirkari orkuvinnsla og flutningur
 - Betri orkunýting
- Orkuvinnsla í sátt við náttúru og samfélag
 - Vindmyllur við hálendisbrún, skammt frá háspennulínu / við helstu línur
 - Tekjur af svæðinu renni til nærsamfélagsins

Stefnumótun, skipulag, stjórnsýsla

- Skipulögð og sjálfbær nýting sem skilar arði til samfélagsins
 - Gott samræmt skipulag; hópar sammála um skipulag svæðisins
 - Gott svæðisskipulag hálendisins m.t.t. allra þátta og m.t.t. aukinnar framþróunar í orkunýtingu og auknum ferðamannastraumi
 - Skipulag komi á undan framkvæmdum
 - Samræða til að lenda niðurstöðum
 - Betri verndun viðkvæmra svæða; viðkvæmum svæðum hlýft, t.d. vegna ásóknar ferðamanna
 - Stýrð sókn inn á hálendið, stýring ferðamanna
 - Gönguleiðir í góðu ásigkomulagi
 - Að ekki sé gengið á landið
 - Auknar tekjur til samfélagsins af auðlindum
- Samræmt skipulag og sóknaráætlun – í heilu lagi eða hlutum
 - Hraðari árangur – í auðlindanýtingu og verndun og ferðamálum – með samstilltu átaki
 - Sátt um nýtingu hálendisins
 - Komið á skipulag til lengri tíma

Ferðapjónusta

- Ferðapjónusta í sátt við náttúru og samfélag
 - 2-3 milj ferðamanna.

- Aukið fjármagn/tekjur frá ferðageiranum
- Bætt aðstaða. Uppbyggingu hafi fylgt ferðabróun. Beina ferðafólki inn á ákveðnar leiðir. Stýring ferðamanna. Ferðamenn út um allt á stýrðum svæðum; stýring ferðamanna á svæðinu.
 - Uppbygging þjónustustaða. Fjölbreyttari þjónusta. Meiri afþreyingarmöguleikar
 - Uppbygging miðkjarna. Aukið aðgengi
 - Sveitarfélögin standi saman að uppbyggingu ásamt hagsmunaaðilum
 - Óraunhæft að búast við stórkostlegri uppbyggingu
 - Viðkvæmustu svæðin með takmarkaðri umferð. Ítala
- Fjölbreyttir ferða- og afþreyingarmöguleikar
- Meira um skipulagðar ferðir með lókal leiðsögn um svæðið
- Sumartraffík, vetrartraffík
- Kvikmyndagerð, góðar tekjur
 - Massív sala á landinu til kvikmyndaframleiðslu
- Arðsemi áhugaverðra staða gangi til sveitarfélaga; virðisauki staðanna haldist í þeim en fari ekki af svæðinu

Grunngerð

- Malbika meginleiðir (Kjölur, Sprengisandur, Fjallabak); góðir meginvegir. Sprengisandsleið er heilsársvegur á milli Norður- og Suðurlands
- Gönguleiðir í góðu ásigkomulagi.
- Betri almenningssamgöngur; auknar samgöngur að helstu perlum.